



Samkeppni um hönnun og byggingu Þjóðarhallar

Þjóðarhöll ehf., fyrir hönd ríkis og Reykjavíkurborgar, býður fyrirtækjum og teymum að sækja um þátttöku í forvali fyrir samkeppnisútbod fyrir hönnun og byggingu nýrrar Þjóðarhallar fyrir innanhúsiþróttir í Laugardal.

Þetta er tækifæri til að vera hluti af þróun **fjölnota samfélagshúss fyrir íþróttir, kennslu og menningu** sem mætir þörfum og kröfum til **alþjóðakeppni** og stærri viðburða. Þjóðarhöllin verður **hjarta íþróttar og lýðheilsu í Laugardalnum**, með stærð allt að 19.000 m², sæti fyrir 8.600 áhorfendur og rými fyrir allt að 12.000 gesti á viðburðum.

Markmiðið er að

- skapa aðstöðu sem endurspeglar nútímaleg gildi um aðgengi, samfélag og umhverfisvernd,
- veita aðgengi að fjölnota aðstöðu fyrir íþróttir, menningu, kennslu og viðburði,
- styrkja tengsl milli Þjóðarhallar og núverandi mannvirkja í Laugardalnum,
- vera aðgengileg almenningi og styrkja lýðheilsu markmið,
- uppfylla kröfur um algilda hönnun og BREEAM umhverfsvottun á stigi „excellent“.

Umsóknarfrestur er til **7. maí 2024**.

Eftir að forvali lýkur og **3–4 teymi** hafa verið valin, hefst **samkeppnin um endanlega hönnun og byggingu Þjóðarhallar**. Niðurstaða forvals er áætluð í **júní 2024**.

Ríkiskaup annast forval og samkeppnisútbod. Skráning umsækjenda fer fram á útboðsvef Ríkiskaupa – **tendsign.is** – þar sem veittar eru frekari leiðbeiningar um skil á gögnum.

Áhugasamir aðilar eru hvattir til að grípa þetta **einstaka tækifæri** til að móta, þróa og byggja Þjóðarhöllina, sem gegna mun **lykilhlutverki** í íslensku samfélagi og íþróttalífi.

